

## GJALDSKRÁ

**fyrir hreinsun rotþróa í Hvalfjarðarsveit.**

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 23. gr. samþykktar nr. 583/2008 um fráveitur í Hvalfjarðarsveit.

2. gr.

Hreinsunargjald fyrir árið 2014 skal vera kr. 8.300 á rotþró við hvert íbúðarhús og sumarhús. Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 50 metra. Ef lengd barka fer yfir 50 metra skal greiða kr. 2.000 á ári til viðbótar við fastagjaldið.

Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 30.000.

3. gr.

Hreinsunargjald er innheimt með fasteignagjöldum. Gjald dagar fasteignagjalda verða 7 talsins á mánaðar fresti, 15. hvers mánaðar; í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí og ágúst.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 12. nóvember 2013.

*Hvalfjarðarsveit, 18. nóvember 2013.*

**Laufey Jóhannsdóttir** sveitarstjóri.